

Molar

Sumarlokun í Lækjarási:

Í sumar verður lokað í Lækjarási frá og með 18.júlí til og með 5.ágúst.



Klúbbastarfi vetrarins lýkur í maí og við taka hefðbundin sumarstörf. Útivera og vettvangsferðir skipa veigamikinn sess í sumarstarfinu sem og ræktun og garðvinna.



Í sumar ætlum við að rækta radísur, salat og kartöflur í garðinum við Lækjarás.

Bjarni Bergsson tók saman

Fjölmiðlaklúbbinn í ár skipa :

Auðunn, María, Guðný, Sverrir, Halla og Bjarni.



Lækjarás, dagþjónusta

Stjörnugróf 7, 108 R.vík

Sími: 414-0560

Netfang: laekjaras@styrktarfelag.is



Lækjaráspósturinn

3.tbl.

Júní 2011

5.árg.

List án landamæra

Heimstré Lækjaráss var til sýnis í Ráðhúsinu.

Heimstréð var samvinnuverkefni allra í Lækjarási og unnið upp út frá Norrænni goðafræði.

Í trénu birtast gildi Lækjaráss sem eru :

Virðing, sveigjanleiki og nýbreytni.



Gulur dagur—páskabingó

Í tilefni af páskum var haldinn gulur dagur og bauð Vinnukot upp á páskabingó.

Margir mættu í einhverju gulu í tilefni dagsins.



Auðunn Gestsson tók saman.

Konunglegt brúðkaup



Árshátíð Vinnukots

Það var mikið fjör á árshátíð Vinnukots hinn 1. apríl eftir vel unnin störf í vetur við pökkun á mjólkursýnisflöskum. Boðið var upp á góðar veitingar, skemmtilega brandara og fjörugan dans.



Sverrir O. Gunnarsson tók saman.

Heilsuvika

Hin árlega heilsuvika var haldin í maí í samstarfi við Bjarkarás. Lækjaráspósturinn hitti einn nefndarmann, sem heitir Geir og tók hann tali.

L: Hvernig fannst þér að vera í nefndinni?

Geir: fínt.

L:Hvað fannst þér áhugaverðast í heilsuvikunni?

Geir: Útiveran

L: Hvernig smakkaðist heilsudrykkurinn sem þið útbjugguð ?

Geir: Góður.



Fastagestur á miðvikudögum

Í vetur hefur sr. Guðný Hallgrímsdóttir heimsótt okkur í Lækjarási einu sinni í viku.

Það er gott að fá hana í heimsókn og er henni alltaf vel tekið.



Umsjón María Sveinbjörnsdóttir.